

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpstöð Suðurlands Kirkjuferjuháleiga/Selfoss



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	13.9.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Sorpstöð Suðurlands	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Austurvegi 56, Selfossi	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	420481-719	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Guðmundsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	475089,819 332611,967

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik frá kröfum í starfsleyfi var skráð og engar athugasemdir gerðar.

Umhverfisstofnun bendir á að mæla skal sig á urðunarstaðnum. Eins að viðhalda skal hreinsibúnaði svæðisins og að frágangi á svæðinu skal ljúka fyrir 31. desember 2017. Senda skal Umhverfisstofnun tilkynningu um lok frágangs þegar honum lýkur að fullu.

UMFANG EFTIRLITS

Urðunarstaður Sorpstöðvar Suðurlands á Kirkjuferjuháleigu er með gilt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun og gildir það til 13. júlí 2025. Heimilt er að urða allt að 30000 tonn af almennum og óvirkum úrgangi á ári. Urðun hefur þó ekki farið fram síðan 1. desember 2009.

Bjarni Guðmundsson frá SASS og Bárður Árnason frá EFLU settust niður með undirrituðum á stuttan fund áður en farið var í skoðunarferð. EFLA vann lokunaráætlun fyrir urðunarstaðinn í mars 2015 og Umhverfisstofnun gaf út fyriræli um frágang og vöktun og var þeim þinglýst 1. júní 2015. Síðan hefur verið unnið eftir þeim.

Helstu ákvæði lokunaráætlunarinnar eru:

- Jarðvegshula á urðunarreinum sé amk. einn metri að þykkt
 - Fram kom í umræðum okkar að EFLA hefur skoðað jarðvegshulu á urðunarstaðnum og reyndist hún a.m.k. 1 metri að þykkt.
- Ítarleg hreinsun á yfirborði svæðisins.
 - Hreinsun á yfirborði svæðisins hefur farið fram og við skoðun okkar í dag var allt snyrtilegt á að líta.
- Regnvatn og leysingavatn renni greiðlega út af urðunarreinum og setjist hvergi fyrir og sígi ekki ofan í úrganginn.
 - Við skoðun í dag varð ekki betur séð að yfirborð urðunarreina hafi verið mótað til þess að afrennsli af svæðinu renni í drengurði meðfram urðunarstaðnum og í framhjálaupi út í tjörn neðst á svæðinu áður en það rennur í opnum skurði út í Ölfusá.
- Vöktun á efnum sem berast af urðunarstaðnum.
 - Undir urðunarreinum urðunarstaðarins er mjög þéttur bentonít leirdúkur sem safnar sigvatni frá úrgangnum og leiðir vatnið í gatað lagnakerfi. Sigvatnslagnir undir reinum 2 – 9 sameinast í þéttri stofnlögn sem liggur suðaustan við reinar og leiðir vatnið niður í fituskiljubrunn sem er rétt sunnan við reinar 1 – 2. Þaðan er sigvatnið leitt í stóra steypa setþró og út henni rennur það í sandsíu. Í steinsteypu húsi sem sigvatnið fer næst um er hægt að mæla rennslismagn en áfram fer sigvatnið í hreinsitjörn og áfram um opinn skurð út í Ölfusá sem er viðtakinn. Ákveðin hreinsun á sigvatninu hefur farið fram áður það rennur um skurðinn, a) fita hefur verið skilin frá í fituskilju, b) svifagnir og set hefur sest til í setþrónni og sandsíunni og c) lífræn efni brotnað niður (oxast) í hreinsitjörninni. Sorpstöð Suðurlands ber ábyrgð á að viðhalda urðunarstaðnum og vakta og greina vatn í nágrenni hans næstu 30 árin eða til 2045. Árlega skal mæla samsetningu sigvatnsins og skal taka sýni í skurðinum við útrennsli úr settjörninni, þ.e. áður en sigvatnið þynnist út í vatni annars staðar frá. Sorpstöð Suðurlands hefur samið við verkfræðistofuna EFLU um að sinna vöktunarmælingum sem krafa er um og skila þeim til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Rekstraraðili skal senda heilbrigðisnefnd Suðurlands afrit. EFLA hefur sent inn niðurstöður mælinga á sigvatninu vegna 2015 og 2016.

Samkvæmt fyriræli Umhverfisstofnunar skal mæla eftirfarandi í sigvatni, og meðfylgjandi eru losunarmörk fyrir sigvatn sbr. reglugerð nr. 738/2003 og niðurstöður mælinga síðustu tveggja ára:

	Losunarmörk fyrir sigvatn sjá reglugerð nr. 738/2003	Niðurstöður mælinga á sigvatni árið 2015	Niðurstöður mælinga sigvatni árið 2016
Rennsli, l/s		5,4	0,83
Hitastig, °C		8,9	8,1
Leiðni, µS/cm		985	2560
Sýrustig, pH		6,6	6,74
Súrefnisþörf, COD		348	166
Uppleyst lífrænt kolefni – DOC, mg/l	250	15,9	44,8
Ammóníum (NH ₄ ⁺), mg/l		502	106
Nítrat (NO ₃ ⁻), mg/l		1,3	1,65
Köfnunarefni (Nheild), mg/l		54,6	174
Fosfór (Pheild), mg/l		0,261	0,45
Olía/fitu, mg/l	15	0,8	undir 1
Lífræn halógensambönd (AOX), mg/l		0,015	0,089
Klóríð (Cl ⁻), mg/l	8500	71	190
Flúoríð (F ⁻), mg/l	40	0,212	0,43
Súlfat (SO ₄ ⁻²), mg/l	7000	8,9	6,44
Bly (Pb), mg/l	3	0,00102	0,000703
Kvikasilfur (Hg), mg/l	0,03	undir 0,00002	undir 0,00002
Kadmíum (Cd), mg/l	0,3	undir 0,00005	undir 0,00005
Járn (Fe), mg/l		15,8	21
Krómi (Cr), mg/l	2,5	0,00373	0,00667
Kopar (Cu), mg/l	30	0,00126	0,00125
Sink (Zn), mg/l	15	0,0421	0,0564
Arsen (As), mg/l	0,3	0,000887	0,0232
Nikkel (Ni), mg/l	3	0,0089	0,0232
Baríum (Ba), mg/l	20	0,0356	0,0453
Mólybden (Mo), mg/l	3,5	undir 0,0005	0,00072
Antimón (Sb), mg/l	0,15	0,000326	0,000716
Selen (Se), mg/l	0,2	undir 0,003	0,00273
Tin (Sn), mg/l		undir 0,0005	0,000755

Öll mæld gildi eru undir losunarmörkum fyrir sigvatn eins og þau eru skilgreind í reglugerð nr. 738/2003.

5. Frágangur á svæðinu sé tryggur þannig ekki séu hættur fyrir þá sem um svæðið fara.

- Urðunarsvæðið er afgirt með ágætri girðingu og læstu hliði. Stærstur hluti svæðisins er uppgróinn með grasi og trjálundum. Ekki sáust neinar augljósar hættur, hvorki fyrir menn né dýr. Húsdýr eiga ekki greiðan aðgang að svæðinu

6. Óþarfa mannvirki verði fjarlægð.

- Fram kemur í fyrirætlum Umhverfisstofnunar að frágangi urðunarstaðarins skuli ljúka fyrir 31. desember 2017. Afgreiðsluhús/starfsmannaaðstaða er farin og byrjað er að rífa girðingu sem notuð var til fokvarna. Búnaður til hreinsunar á frárennsli er enn allur til staðar og verður áfram.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar en skoðuð voru sérstaklega hreinsivirki neðst á urðunarstaðnum og námur austan við og utan við land Sorpstöðvar Suðurlands.

ANNAÐ

Fituskilja var opnuð og skoðuð í hana. Mælinganiðurstöður sýna að fituskiljan vinnur sitt verk og mælist fita/olíu undir 1 mg/l í frárennsli urðunarstaðarins. Bent er á að hreinsa þarf fituskiljuna með reglulegu millibili svo hún yfirfyllist ekki. Setþró er steypt mannvirki með þaki og allt virtist með eðlilegu móti. Steynsteypt hús neðan við setþróna hýsir mælistokk hvar rennslismagn er mælt. Neðan við þar er hreinsitjörn og útfallið úr henni fer út í opinni skurð og endar út í Ölfusá. Skoðaðar voru aðstæður við skurðinn og þykir greinilegt að hross og annað búfé getur komist að vatni í skurðinum til drykkjar. Vísað er á Matvælastofnun varaðandi áhrif þess á húsdýr að þau drekki úr skurðinum.


Næst voru skoðaðar námur sem eru austan við land Sorpstöðvar Suðurlands og utan deiliskipulagsins sem gildir fyrir urðunarstaðinn. Reynt var að grafast fyrir um tilkomu þeirra og líklegast er að í upphafi hafi efni úr námunum verið notað í undirlag undir urðunarreinar rekstraraðila án þess að öruggar heimildir séu fyrir því. Eftirlitsaðili getur ekki út frá fyrirbyggjandi gögnum ákvarðað um það hver á námuna og beri því ábyrgða á lokun hennar. Náman er utan þess

svæðis sem starfsleyfið nær til.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,



Gottskálk Friðgeirsson